

71.Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Föstudaginn 16. janúar 2014 kl. 12

Á fundinn mættu:

Rán Kristjánsdóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Ari Bent Ómarsson  
Björn Hilmarsson

**1. Heilsuvikan.**

Áhveðið var að hún yrði 2 - 8 mars og að Jón á Hrauni veitingahúsi yrði með í ráðum. Ýmsar hugmyndir komu fram, samvinna við t.d. Sundlaugina, íþróttahúsið, Sólarport, Versl. Kassann og hlaupahópa. Einnig að fá fyrirlestur um heilsu og hollt matarræði. Áhveðið var að auglýsa í Jökli til þeirra sem vilja koma að þessu verkefni.

**2. Ungmennaráðið.**

Enginn hefur sótt um og ætlar Sigrún að reyna að finna krakka í ráðið.

**3. Sundlaugin.**

Framkvæmdir við sundlaugina eru að klárast. Stefnum á að hafa formlega opnun í vor þegar allt er tilbúið.

**4. Félagsmiðstöðin.**

Samfés og söngvakeppnin eru á næstunni. Ætlum að athuga með opnun eitt kvöld í viku fyrir 5,6 og 7 bekk fram að páskum. Skólahreysti kom til umræðu og er leitt að ekki skuli vera áhugi á að taka þátt, hvað sem veldur.

**5. Bréf frá Skáksambandi Íslands.**

Þar er hvatt til skákiðkunnar þann 26. jan. Við í ráðinu hvetjum skólann að taka þátt.

**6. Ungmennafélagið.**

Þau eru með frjálssar íþróttir og er mikil aðsókn þar. Spurning um að bjóða upp á þetta í sumar með aðstöðu úti á Hellissandi eða á blettinum við heilsugæsluna í Ólafsvík.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið kl 13.